



MOSFELLSBÆR

Jafnréttisáætlun Mosfellsbæjar 2019-2023

Jafnréttisáætlunin byggir á heildarstefnu Mosfellsbæjar sem samþykkt var árið 2008 og gildum sveitarfélagsins sem eru *virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja*. Áætlunin er ennfremur unnin í samræmi við lög númer 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, svo og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum sem var undirritaður árið 2008.

Lýðræðis- og mannréttindanefnd hefur umsjón með mótun jafnréttisáætlunar Mosfellsbæjar og framkvæmd hennar í samvinnu við jafnréttisfulltrúa. Lögð er áhersla á að öll svið og stofnanir bæjarfélagsins framfylgi jafnréttisáætluninni með markvissum hætti.

Jafnréttisfulltrúi vinnur í samstarfi við bæjaryfirvöld, framkvæmdastjóra, forstöðumenn stofnana svo og aðra sem að jafnréttismálum koma. Jafnréttisfulltrúi skal veita stofnunum og starfsfólki bæjarins fræðslu og ráðgjöf um jafnréttismál sem og að hafa umsjón með úttektum og rannsóknum á stöðu og kjörum kynjanna í bæjarkerfinu.

Jafnréttisáætlun Mosfellsbæjar er aðgengileg íbúum á vef bæjarins og kynnt öllum stjórnendum, starfsfólki og kjörnum fulltrúum.

Jafnréttisáætlun skal endurskoðuð í upphafi hvers kjörtímabils. Í kringum 18. september ár hvert skal jafnréttisdagur Mosfellsbæjar haldinn hátíðlegur, til heiðurs Helgu á Blikastöðum. Á þeim degi veitir Lýðræðis- og mannréttindanefnd viðurkenningu þeim einstaklingi/einstaklingum, stofnun, fyrirtæki eða félagasamtökum sem hefur staðið sig best í að framfylgja jafnréttislögum og/eða Evrópusáttmálanum um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum og/eða jafnréttisáætlun Mosfellsbæjar.

Jafnréttisáætlun Mosfellsbæjar er þríþætt. Í fyrsta lagi tekur hún til samfélagsins Mosfellsbæjar og þjónustu við íbúa. Í öðru lagi tekur hún til menntunar og uppeldis þar sem horft er til skóla og leikskóla í bænum. Í þriðja lagi tekur hún til Mosfellsbæjar sem vinnustaðar og vinnuveitanda.

1. Samfélag og þjónusta

- a. Kynja- og jafnréttissjónarmið skulu samþætt inn í alla stefnumótun og ákvarðanatöku á vegum bæjarins.
- b. Hafa skal hlutföll kynja að leiðarljósi við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum bæjarins, í samræmi við 2. tl. 1. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.
- c. Einstaklingum skal ekki mismunað í þjónustu og starfsemi bæjarins. Allir einstaklingar njóta sömu réttinda óháð kynferði, kynhneigð, þjóðerni, trúarbrögðum, fötlun, aldri o.s.frv.
- d. Unnið skal markvisst að því að auka jafnréttisvitund íbúa.
- e. Markvisst skal unnið gegn kynbundnu ofbeldi, kynbundnu áreitni og kynferðislegu áreitni.
- f. Þau félagasamtök sem njóta styrkja frá bænum skulu skila inn kyngreindum upplýsingum með ársskýrslum.
- g. Tekið skal mið af kynjasjónarmiðum við skipulag og framkvæmd tómstundastarfs.

2. Menntun og uppeldi

- a. Taka skal tillit til ólíkra þarfa einstaklinga þegar kemur að skipulagi kennslu og framsetningu námsefnis.
- b. Fræðsla um jafnréttismál skal veitt á öllum skólastigum. Taka skal mið af einstaklingssjónarmiðum við skipulag og framkvæmd fræðslu- og frístundastarfs.
- c. Starfsfólk í öllum skólum og í frístund skal fá viðeigandi fræðslu og þjálfun til að búa nemendur undir þátttöku í jafnréttis- og lýðræðisþjóðfélagi.
- d. Markvisst skal unnið að afnámi staðalímynda og kynhlutverks.
- e. Þess skal gætt á öllum skólastigum að foreldrar barna hafi jafnan aðgang að upplýsingum er varðar barnið í samræmi við 52. gr. barnalaga, nr. 76/2003.

3. Vinnustaðurinn

- a. Stofnanir Mosfellsbæjar skulu í á þriggja ára fresti setja fram framkvæmdaáætlun sem segir til um hvernig viðkomandi stofnun ætli að útfæra jafnréttisáætlun sinnar stofnunar eða ef það á við jafnréttisáætlun Mosfellsbæjar.
- b. Framkvæmdaáætlun stofnunar skal yfirfarin í september ár hvert til að tryggja að markmiðin náist.
- c. Unnið skal markvisst að því að auka jafnréttisvitund starfsfólks og kjörinna fulltrúa.
- d. Markvisst skal unnið að afnámi kynbundins ofbeldis, kynbundinnar áreitni, kynferðislegrar áreitni, eineltis- og annarra áreitnishegðunar á vinnustöðum Mosfellsbæjar.
- e. Jafnréttis skal gætt í atvinnuauðglýsingum hjá Mosfellsbæ.
- f. Jafnréttissjónarmið skulu metin til jafns við önnur sjónarmið þegar ráðið er í starf hjá Mosfellsbæ.
- g. Þess skal gætt að einstaklingar óháð kyni, séu tryggð jöfn laun og sömu kjör fyrir jafnverðmæt störf.
- h. Gæta skal að starfsmenn óháð kyni, njóti sömu möguleika til endur- og símenntunar sem og að sækja námskeið sem haldinn eru til að auka hæfni í starfi.
- i. Tryggja skal að gott samræmi ríki milli vinnu og einkalífs og að starfsfólk, óháð kyni geti sinnt daglegum störfum sínum á dagvinnutíma.